

REGLUGERÐ

um brottfall reglugerðar nr. 176/2022, um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, og um brottfall reglugerðar nr. 177/2022, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

1. gr.

Reglugerð nr. 176/2022, um einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19, er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð nr. 177/2022, um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 25. febrúar 2022.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. febrúar 2022.

Willum Þór Þórsson
heilbrigðisráðherra.

Ásthildur Knútsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2022